


C99-01



Skýrsla nr. C99:01

Samgöngulíkan fyrir Ísland: Forgangsröðun hafnarframkvæmda

Skýrsla til Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar
Íslands og Vegagerðarinnar

Mars 1999

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

- Skýrslusíð -

[Háð]

460

388.09491

Sauj
Háð

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/5254553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C99:01

Samgöngulíkan fyrir Ísland: Forgangsröðun hafnarframkvæmda

Skýrsla til Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar
Íslands og Vegagerðarinnar

Mars 1999

Formáli


Flugmálastjórn, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðin hafa umsjón með ólíkum þáttum samgöngukerfisins. Eitt af verkefnum Siglingastofnunar Íslands er að ráðleggja Alþingi, sem fer með fjárveitingavald, hvort og hversu mikið styrkja eigi tiltekna hafnarframkvæmd. Óskir um hafnarframkvæmdir fyrir hafnaáætlun, sem er til fjögurra ára, koma frá hafnarstjórnum. Framkvæmdakostnaður við allar tillögur hafnarstjórna er ávallt hærri en fjárveitingar Alþingis. Þess vegna þarf að koma með tillögu að forgangsröðun hafnarframkvæmda og það er í verkahring Siglingastofnunar. Siglingastofnun hefur fram að þessu forgangsraðað framkvæmdum eftir huglægum aðferðum sem byggja á sérfræðiþekkingu innan stofnunarinnar. Árið 1997 byrjaði Siglingastofnun að þroa aðferðafræði við að forgangsraða hafnarframkvæmdum á hlutlægan hátt. Með hlutlægni er átt við að framkvæmdum er forgangsraðað samkvæmt fyrirfram ákveðnu einkunnakerfi sem byggir á þekktum upplýsingum. Á þessu ári hafa Hagfræðistofnun og Siglingastofnun unnið að því að þroa þessa aðferðafræði frekar.

Þetta er önnur skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands í verkefninu Samgöngulíkan fyrir Ísland. Að því verkefni standa Flugmálastjórn, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðin. Í verkefnisstjórnum sitja Þorgeir Pálsson fyrir Flugmálastjórn, Jón Leví Hilmarsson fyrir Siglingastofnun Íslands og Hreinn Haraldsson fyrir Vegagerðina. Umsjónarmaður fyrir hönd Hagfræðistofnunar er Snjólfur Ólafsson.

Í skýrslunni er fyrst fjallað almennt um arðsemireikninga. Greint er frá þeirri aðferðafræði sem Siglingastofnun notaði 1997 og fyrirmund hennar í Noregi. Gerð er grein fyrir aðferðafræði sem var þróuð á þessu ári og notkun þeirra aðferða. Að lokum er greint frá hugmynd að breyttum vinnubrögðum í framtíðinni.

Skýrsluna skrifuðu Snjólfur Ólafsson og Kári Sigurðsson. Samstarfsaðilar voru Jón Leví Hilmarsson og Kristján Helgason frá Siglingastofnun Íslands.

Hagfræðistofnun í mars 1999,


Tryggvi Þorsteinn
Herbertsson
forstöðumaður

Efnisyfirlit

Ágrip.....	7
English summary	9
Töflulisti	11
Myndalisti.....	11
Inngangur.....	13
1. Arðsemireikningar og hafnarframkvæmdir	17
2. Eldri vinna	23
2.1 Norsk fyrirmynd	23
2.2 Vinna Siglingastofnunar á árunum 1994-1997	24
2.2.1 Einkunn fyrir umsvif	25
2.2.2 Einkunn fyrir hafnarbætur	28
2.2.3 Heildareinkunn fyrir umsvif og hafnarbætur	29
3. Reiknilíkan við forgangsröðun 1998	31
3.1 Einkunn fyrir umsvif.....	31
3.1.1 Kostnaðarviðmið (nr 1.1)	32
3.1.2 Atvinnusjónarmið (nr 1.2).....	32
3.1.3 Byggðasjónarmið (nr 1.3).....	32
3.1.4 Einkunn	33
3.2 Einkunn fyrir hafnarbætur	33
3.2.1 Dýpi í innsiglingu (nr 2.1)	35
3.2.2 Viðlegurými (nr 2.2) og löndunarrými (nr 2.3)	36
3.2.3 Snúningsrými (nr 2.4).....	37
3.2.4 Frágangur við mannvirki og uppsetning staðalbúnaðar (nr 2.5).....	38
3.2.5 Varðveisla kanta (nr 2.6)	40
3.2.6 Einkunn	40
3.3 Heildareinkunn fyrir umsvif og hafnarbætur	40
4. Lýsing á Excel-skjölum	43
4.1 Uppbygging	43
4.2 Síður.....	45
5. Röðun verkefnista 1998	57
6. Hugmynd að breyttum vinnubrögðum í framtíðinni	63
Lokaorð.....	83
Heimildaskrá.....	87

Ágrip

Þetta er önnur skýrslan í verkefninu *Samgöngulíkan fyrir Ísland* sem Hagfræðistofnun vinnur fyrir Flugmálastjórn, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðina. Í stuttu máli er markmið verkefnisins að byggja upp gagnagrunn um samgöngur á Íslandi og þróa líkön til að svara ýmsum spurningum varðandi þann málaflokk.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir líkani sem unnið var að með Siglingastofnun til að forgangsraða tillögum um hafnarframkvæmdir. Annað hvert ár vinnur Siglingastofnun fjögurra ára áætlun um hafnargerðir en Alþingi tekur endanlega ákvörðun um hana. Sá listi sem Siglingastofnun lét frá sér haustið 1998 byggði á niðurstöðum líkansins og endanleg samþykkt Alþingis er nánast óbreyttur sá listi.

Í 1. kafla er fjallað almennt um kostnaðar-nytjagreiningu en jafnframt útskýrt að þeim aðferðum verðu trauðla beitt á hafnarframkvæmdirnar vegna þess að ekki er unnt að meta nytjar af hafnarframkvæmdum á peningalegan mælikvarða.

Í 2. kafla er sagt frá vinnu hjá Siglingastofnun á árunum 1994-1997, en þá var unnið að hafnarþarfaverkefni og gert líkan í Excel til að styðja forgangsröðun. Einnig er sagt frá vinnu við forgangsröðun hafna í Noregi seint á síðasta áratugnum sem er bakgrunnur þeirrar vinnu sem hér er greint frá.

Í 3., 4. og 5. kafla er gerð ítarleg grein fyrir líkaninu eins og það er nú. Í 3. kafla er sagt frá fræðilega grunninun, frá Excel töflunum í 4. kafla og frá röð verkefna í 5. kafla.

6. kafli greinir frá annars konar nálgun á viðfangsefninu. Þar er sagt frá tillögu að einkunnagjöf sem er tölувert frábrugðin þeirri aðferð sem notuð var og niðurstöður samkvæmt þessari aðferð sýndar.

English summary

This report gives an account of a method developed by the Icelandic Maritime Administration (IMA) and the Institute of Economic Studies (IoES) to rank suggested harbour (port) projects. These projects are intended to improve harbours, but not to make new harbours. The government stands for 60-75% of the cost of the project. Every second year IMA suggests a ranking to the Minister of communication. After a proper discussion process, the parliament decides on a construction plan for four years. The method was used by IMA in the autumn of 1998 and only some minor changes were made during the discussion process.

This is the second report in a project that started in 1998 and is concerned with gathering data and developing traffic models for Iceland. The project is undertaken by the IoES for IMA, The Public Road Administration and The Icelandic Civil Aviation Administration.

Chapter 1 discusses cost-benefit analysis in general. It is then argued that classical cost-benefit analysis is not easily applicable to the harbour projects, since the benefits are unknown and therefore not measurable on a monetary scale.

Chapter 2 explains how the problem of ranking harbour projects was handled in Norway in the late eighties and what the IMA did in this field during the years 1994 to 1997. In Norway they defined several indicators which contributed to final grades for the projects. Most of the indicators would either measure a kind of cost-efficiency or the (relative) importance of the harbours. In 1997 the Icelandic Maritime Administration started to develop an spreadsheet model to help rank harbour projects, based on the work in Norway.

Chapters 3, 4 and 5 are concerned with the work in 1998. Chapter 3 explains the ranking method in detail. Chapter 4 explains the Excel sheets that have been developed and the results of using the model on the proposed projects is found in chapter 5.

In chapter 6 a somewhat different method is put forward. It is based on the same basic data as the used method (described in chapter 3). A grade for a project is a multiple of two sub-grades where one measures the relative need of the harbours for money and the other is an indicator of the cost efficiency of the projects.

Töflulisti

1. TAFLA. Kennitölur fyrir kostnaðarviðmið	26
2. TAFLA. Kennitölur fyrir atvinnusjónarmið.....	26
3. TAFLA. Kennitölur fyrir byggðasjónarmið	26
4. TAFLA. Hæstu einkunnir fyrir umsvif	27
5. TAFLA. Upplýsingaveitendur fyrir umsvif	28
6. TAFLA. Kennitölur fyrir hafnarbætur	28
7. TAFLA. Umsvifaþættir.....	31
8. TAFLA. Kennitala fyrir samgöngur.....	32
9. TAFLA. Upplýsingaveitendur fyrir umsvif	33
10. TAFLA. Hafnarbótaþættir	34
11. TAFLA. Stærðarflokkar skipa.....	36
12. TAFLA. Kennitala fyrir frágang og uppsetningu staðalbúnaðar	39
13. TAFLA. Uppbygging á Excel skjölum	43
14. TAFLA. Uppbygging á Excel skjölum	66

Myndalisti

1. MYND. Uppbygging arðsemilíkans vegagerðarinnar.....	20
2. MYND. Forgangsröðunarlíkan sem notað var 1997.....	25

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður. (24. gr. hafnalaga)

Undirbúningur hafnaáætlunar hefst með því að í ársbyrjun er sent dreifibréf til allra hafnarstjórn og þeim gefinn þriggja til fjögurra vikna frestur til að koma á framfæri óskum um styrkhæf verkefni næstu fjögur ár. Svo er unnið úr óskum og gerðar frumáætlanir um kostnað. Samgönguráðuneytið setur síðan upp fjárhagsramma sem hafnaáætlun skal miðast við. Í samræmi við þann ramma er unnin tillaga að áætlun. Eftir að samráð hefur verið haft við hafnaráð og Hafnasamband sveitarfélaga eru tillögur kynntar hafnastjórnum eins og segir í 24. gr hafnalaga. Í framhaldi af því er tillagan lögð fyrir Alþingi og ef allt gengur upp er tillagan samþykkt u.p.b. ári eftir að undirbúningur hófst.

Við forgangsröðun hafnarframkvæmda þarf að taka tillit til margra sjónarmiða sem sum er ekki hægt að leggja tölulegt mat á. Hins vegar má væntanlega gera forgangsröðun markvissari og auðveldari með því að hluti af vinnunni verði vel skilgreint ferli þar sem verkefnum er gefin einkunn. Árið 1994 byrjaði Siglingastofnun Íslands að greina framkvæmdapörf og staðalkröfur fyrir hafnir og árið 1996 kom út skýrsla um það sem nefnist Hafnalýsing. Haustið 1997 var byrjað að þróa aðferðafræði við að gefa hafnarframkvæmdum einkunn. Fram að því hafði hlutlæg einkunnagjöf ekki verið notuð við forgangsröðun hafnarframkvæmda hér á landi.

Almennt markmið með forgangsröðun framkvæmda er að fjármunir til hafnarmála komi að sem bestum notum bæði fyrir viðkomandi byggðarlag og eins fyrir landið í heild. Til að ná þessu markmiði eru notaðar einkunnir sem gefa vísbendingar um gagnsemi verkefna í þeim tilgangi að bera þau saman. Einkunnir fyrir hafnarframkvæmdir eru eingöngu hlutfallslegar og ekki sambærilegar milli ára.

Erfitt er að koma arðsemíssjónarmiðum inn í mat á hafnarframkvæmdum. Til að meta arðsemi þarf að áætla greiðsluflæði sem framkvæmd skilar og beita núvirðisútreikningum. Erfitt er að meta tekjur sem tiltekin framkvæmd skilar og sennilega eru þær háðar of mörgum óvissupáttum til að hægt sé að fá viðunandi mat. Það er því ekki hægt að framkvæma hefðbundna arðsemireikninga. Ætla má að kennitölur sem aðferðafræðin byggir á gefi einhverja vísbendingu um ábata af framkvæmdum.

Inngangur

Samkvæmt hafnalögum (nr. 23/1994, nr. 144/1995 og nr. 7/1996) skal ferli tillagna og ákvarðana um styrkhæfar hafnarframkvæmdir vera með þeim hætti sem lýst er í fyrri hluta þessa kafla. Orðréttar tilvitnanir í hafnalög eru skáletraðar.

Frumkvæði um hafnargerð er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir á ábyrgð hans (14. gr. hafnalaga). Eigendur hafna samkvæmt hafnalögum eru sveitarfélög.

Hafnarframkvæmdir er njóta ríkissýrks, skulu unnar undir tæknis- og fjárhagslegu eftirliti Siglingastofnununar Íslands og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar (17. gr. hafnalaga).

Í 19. gr. hafnalaga eru talðar upp hafnarframkvæmdir sem geta fengið framlag úr ríkissjóði og í 21. gr. er tiltekið hámark þess hluta sem ríkið tekur að sér að greiða. Meginreglur eru að frumrannsóknir eru að fullu kostaðar af ríkinu. Ytri mannvirki svo sem öldubrjótar, dýpkanir og innsiglingarmerki allt að 90% en bryggjur og búnaður þeim tengdur ásamt ýmsu öðru allt að 60%. Við gerð hafnaáætlunar 1997-2000 var tekin ákvörðun um að ríkið styrkti að hámarki 75% framkvæmdir sem má samkvæmt hafnalögum styrkja um 90%.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar Siglingastofnun Íslands sem vinnur úr tillögunum og leggur fyrir hafnaráð og samgönguráðuneyti. Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögur sínar að fenginni umsögn hafnaráðs (22. gr. hafnalaga).

Siglingastofnun Íslands skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlanagerð ber Siglingastofnun að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild.

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal forstjóri Siglingastofnunar Íslands senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Í þessari skýrslu er fjallað um forgangsröðun hafnarframkvæmda samkvæmt hlutlægum aðferðum. Í fyrsta kafla er fjallað almennt um arðsemireikninga og samband þeirra við forgangsröðun hafnarframkvæmda. Í öðrum kafla er greint frá vinnu Siglingastofnunar á árunum 1994 til 1997 en þá var byrjað á svokölluðu hafnarþarfaverkefni. Hafnarþarfaverkefnið var gert til að uppfylla 29. gr. hafnalaga nr. 23/1994 en þar segir um framkvæmdaáætlanir: *Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild.* Hafnarþarfavekefninu var skipt í fjóra megin þætti: Flokkun fiskihafna, skilgreiningu á staðalkröfum, þarfagreiningu og forgangsröðun hafnarframkvæmda. Árið 1997 byrjaði Siglingastofnun að þróa aðferðir við að forgangsraða hafnarframkvæmdum á hlutflægan hátt eftir fyrirfram skilgreindu einkunnarkerfi. Í þriðja kafla er vinna Siglingastofnunnar þróuð áfram og nýjar hugmyndir kynntar. Í fjórða kafla er lýsing á Excel-skjölum sem byggja á endurbættri aðferðarfræði. Í fimmta kafla er framkvæmdum fyrir hafnaáætlun frá árinu 1999 til ársins 2002 forgangsraðað samkvæmt einkunnarkerfi. Að lokum í sjötta kafla er kynnt nýtt forgangsröðunarlíkan sem gæti verið hugmynd að breyttum vinnubrögðum í framtíðinni.

á innstreymi er flóknara og oft háð mikilli óvissu. Erfitt getur verið að áætla innstreymi fjármagns vegna fjárfestingar, ekki síst þegar um opinberar fjárfestingar er að ræða.

Við hagfræðilegt mat á fjárfestingu er ekki eingöngu byggt á beinu inn- og útstreymi fjármagns. Í hagfræðilegu mati er tekið tillit til fleiri þátta og þess vegna er er notuð breiðari skilgreining á ábata og kostnaði en sem nemur inn- og útstreymi fjármagns. Í stuttu máli er ábati skilgreindur sem neytendaábati (consumer surplus) en hann felur í sér meira en innstreymi fjármagns. Til að reikna út neytendaábata þarf að meta eftirspurn neytenda eftir viðkomandi fjárfestingu. Neytendaábati er í stuttu máli skilgreindur sem mismunur á markaðsverði og því verði sem neytandinn er reiðubúinn að borga. Ef neytandi vill borga 5 krónur fyrir vöru en markaðsverð vörunnar er 3 krónur þá er neytendaábati 2 krónur. Til að finna heildar-neytendaábata þarf að leggja saman ábata allra neytenda og það er gert með því að meta heildareftirspurn eftir fjárfestingunni. Kostnaður er skilgreindur sem fórnarkostnaður, þ.e. verðmæti næst-bestu valkostsins sem fórnað er við val á öðrum. Dæmi um þetta er afvöxtun á greiðsluflæði en hún byggist í raun á fórnarkostnaði, það að ein króna sé minna verðmæt eftir ár heldur en í dag þýðir í raun að búið er að fórn Valkostinum um að ávaxta krónuna á markaðsvöxtum í eitt ár. Fórnarkostnaður við að fá krónu eftir ár eru þess vegna markaðsvextir hennar í eitt ár.

Þegar um stórar fjárfestingar er að ræða er mjög erfitt að skilgreina og meta ábata og fórnarkostnað. Dæmi um þetta er ábati af Hvalfjarðargöngum en til að meta hann er ekki nóg að reikna tekjur af gjaldheimtu heldur verður líka að taka tillit til lækkaðrar slysatiðni og lægri flutningskostnaðar innanlands. Fórnarkostnað er sömuleiðis flókið að meta. Dæmi um það er fórnarkostnaður við Reykjavíkurflugvöll en hann er til dæmis fasteignaverð lóða sem væri annars hægt að nota undir íbúðabyggð.

Til að fá kostnaðar- og ábatamat af opinberum fjárfestingum hafa Lang og Merino (1993)⁴ skipt áhrifum af opinberum framkvæmdum í tvennt: bein áhrif (primary effects) sem snúa að notendum fjárfestingarinnar og óbein áhrif (secondary effects) sem snúa að þeim sem ekki nota fjárfestinguna en verða fyrir áhrifum af henni. Tökum sem dæmi nýjan veg. Beinu áhrifin snúa að notendum vegarins en

⁴ Hans J. Lang og Donald N. Merino. *The Selection Process for Capital Projects*. 1. útgáfa 1993, John Wiley & Sons, Inc.

1. Arðsemireikningar og hafnarframkvæmdir

Í þessum kafla er greint frá algengustu gerðum arðsemireikninga og tengslum þeirra við vegaframkvæmdir og forgangsröðun hafnarframkvæmda. Þá er einnig greint frá norsku forgangsröðunarlkani sem aðferðafræðin í þessari skýrslu er að hluta til byggð á.

Mat á fjárfestingum byggir almennt á arðsemimati. Til að reikna út arðsemi fjárfestingar er reynt að áætla tekjuflæði sem viðkomandi fjárfesting mun leiða af sér. Tekjuflæði er yfirleitt erfitt að meta og er háð mörgum óvissupáttum, stundum er hægt að byggja á sjóðsstreymi en oft er þetta eingöngu spá. Þegar greiðsluflæði liggur fyrir eru allar inn- og útgreiðslur færðar á sama tímapunkt með afvöxtun¹. Þegar búið er að fera allar greiðslur á saman tímapunkt er hægt að leggja þær saman og sjá hvort fjárfesting skilar arðsemi þ.e. jákvæðu hreinu greiðsluflæði.


Afvöxtun greiðsluflæðis er einn þáttur í þeim aðferðum sem notaðar eru við mat á fjárfestingum. Auk hennar eru notaðar kennitölur eins og fjöldi ára sem fjárfesting borgar sig upp á (payback period), þar er heildar-fjárfestingarkostnaði deilt með meðaltekjum sem fjárfesting skilar árlega. Til að lágmarka áhættu er best að fjárfestingarkostnaður skili sér aftur á sem stystum tíma. Innri vextir (internal rate of return, IRR) er sú ávöxtunarkrafa sem gerir tekjur jafnar gjöldum í hreinu afvöxtuðu greiðsluflæði. Best þykir að fá sem hæsta innri vexti². Í ábata og kostnaðarhlutfalli (benefit cost ratio, BCR) er núvirtum tekjur deilt með núvirtum fjárfestingarkostnaði. Þetta hlutfall er notað ef bera á saman two fjárfestingarkosti, og sá sem hefur hærra ábata og kostnaðarhlutfall er álitinn vænlegri³.

Forsendan fyrir því að hægt sé að meta fjárfestingar eftir aðferðunum sem nefndar hafa verið hér að framan er að til sé mat á inn- og útstreymi fjármagns. Yfirleitt er auðvelt að meta útstreymi fjármagns s.s. kostnað við framkvæmdir en mat

¹ Afvöxtun byggir á tímavirði peninga þ.e. ein króna í dag er meira virði ein króna eftir ár því fyrri krónuna hefði verið hægt að ávaxta í eitt ár.

² Það bera að túlka innri vexti með varúð vegna þess að í þeim er gert ráð fyrir að hægt sé að endurfjárfesta á innri vöxtunum og ef greiðsluflæði nær yfir langan tíma geta verið margar lausnir á þeim.

³ Ábata og kostnaðarhlutfall er til dæmis notað við forgangsröðun opinberra vegaframkvæmda á Nýja-Sjállandi.




1. MYND. *Uppbygging arðsemilíkans vegagerðarinnar*

Notendakostnaður skiptist í tvennt: tímakostnað og rekstrarkostnað bifreiðar. Tímakostnaður er metinn út frá fjölda bifreiða á viðkomandi veki, meðalfjölda farþega í hverri bifreið, meðalhraða og meðallaunum. Rekstrarkostnaður bifreiðar samanstendur af eldsneytiskostnaði, olíukostnaði, kostnaði vegna hjólbarða, viðhaldskostnaði, afskiftarkostnaði og fjármagnskostnaði. Niðurstöður úr erlendum rannsóknum eru notaðar við að meta áhrif vefs eða vegyfirborðs á kostnaðarþætti. Auk notendakostnaðar er tekið mið af viðhaldskostnaði Vegagerðarinnar. Núvirtur framkvæmdakostnaður er bæði beinn framkvæmdakostnaður og lækkun eða hækkun viðhaldskostnaðar m.v. eldri vefs.

Samkvæmt strangri fræðilegri skilgreiningu á kostnaðar- og ábatagreiningu ætti að taka fleiri þætti inn í arðsemimat vegaframkvæmda. Þetta eru þættir eins og kostnaður vegna slysa, þægindi, hávaði, mengun, félagsleg og menningarleg áhrif, ferðamennska, tekjudreifingaráhrif og byggðaröskun. Vandinn við að taka þessar stærðir með í greininguna er tvenns konar. Í fyrsta lagi er erfitt að mæla áhrifin og í öðru lagi er vandasamt að bera þau saman í sömu mælieiningu því margir þessara þátta eiga sér ekkert markaðsverð. Í stað þess að reyna að meta alla þætti sem ný vegaframkvæmd hefur í för með sér er reynt að meta þá þætti sem taldir eru vera aðal áhrifaþættir og skipta því mestu máli í arðsemireikningum.

Hafnarframkvæmdir á Íslandi er dæmi um opinberar fjárfestingar sem erfitt er að meta arðsemi af vegna óvissu um tekjur af viðkomandi framkvæmd. Það er því ekki hægt að beita hefðbundnum arðsemireikningum við forgangsröðun hafnarframkvæmda. Þess í stað hefur verið reynt að skilgreina kennitölur eða



1. MYND. *Uppbygging arðsemilíkans vegagerðarinnar*

Notendakostnaður skiptist í tvennt: tímakostnað og rekstrarkostnað bifreiðar. Tímakostnaður er metinn út frá fjölda bifreiða á viðkomandi vegi, meðalfjölda farþega í hverri bifreið, meðalhraða og meðallaunum. Rekstrarkostnaður bifreiðar samanstendur af eldsneytiskostnaði, olíukostnaði, kostnaði vegna hjólbarða, viðhaldskostnaði, afskiftarkostnaði og fjármagnskostnaði. Niðurstöður úr erlendum rannsóknum eru notaðar við að meta áhrif vefs eða vegyfirborðs á kostnaðarþætti. Auk notendakostnaðar er tekið mið af viðhaldskostnaði Vegagerðarinnar. Núvirtur framkvæmdakostnaður er bæði beinn framkvæmdakostnaður og lækkun eða hækjun viðhaldskostnaðar m.v. eldri veg.

Samkvæmt strangri fræðilegri skilgreiningu á kostnaðar- og ábatagreiningu ætti að taka fleiri þætti inn í arðsemimat vegaframkvæmda. Þetta eru þættir eins og kostnaður vegna slysa, þægindi, hávaði, mengun, félagsleg og menningarleg áhrif, ferðamennska, tekjudreifingaráhrif og byggðaröskun. Vandinn við að taka þessar stærðir með í greininguna er tvenns konar. Í fyrsta lagi er erfitt að mæla áhrifin og í öðru lagi er vandasamt að bera þau saman í sömu mælieiningu því margir þessara þátta eiga sér ekkert markaðsverð. Í stað þess að reyna að meta alla þætti sem ný vegaframkvæmd hefur í för með sér er reynt að meta þá þætti sem taldir eru vera aðal áhrifaþættir og skipta því mestu máli í arðsemireikningum.

Hafnarframkvæmdir á Íslandi er dæmi um opinberar fjárfestingar sem erfitt er að meta arðsemi af vegna óvissu um tekjur af viðkomandi framkvæmd. Það er því ekki hægt að beita hefðbundnum arðsemireikningum við forgangsröðun hafnarframkvæmda. Þess í stað hefur verið reynt að skilgreina kennitölur eða

óbeinu áhrifin beinast til dæmis að skipafyrirtækjum sem missa verkefni með tilkomu vegarins. Til að meta ábata af opinberri framkvæmd þarf að skilgreina bein áhrif og helstu óbeinu áhrif og áætla tekjur og kostnað af hvorutveggja. Vandasamt er að skilgreina þessi áhrif en gott er að hafa þrjú eftirfarandi atriði í huga: Í fyrsta lagi þarf að gera grein fyrir mismunandi sjónarmiðum og hagsmunum gagnvart fjárfestingunni. Í öðru lagi þarf að skýra rétt frá kostnaði þ.e. taka allan kostnað með í reikninginn, þar á meðal þann sem fjárfestir þarf ekki sjálfur að bera. Í þriðja lagi ber að gæta þess að ofmeta ekki tekjur og vanmeta ekki gjöld.

Þegar mat á tekjum og kostnaði liggur fyrir ríkir oft óvissa um hvernig tekjur munu skila sér. Til að fást við óvissu í tekjuflæði má grípa til áhættugreiningar. Áhættugreinig er í mörgum tilfellum flókin og krefst töluverðrar kunnáttu í tölfraði. Hér á eftir verður sagt í stuttu máli frá grunnhugmyndinni í áhættugreiningu á greiðsluflæði og greint frá nokkrum tengdum hugtökum.

Áhættugreining á greiðsluflæði er í grófum dráttum fólgin í að reikna líkindadreifingu fyrir innsteymi fjármagns. Ef mikil óvissa ríkir um tekjur er hátt staðalfrávik á tekjudreifingu en lágt staðalfrávik ef tekjur eru öruggar. Áhættugreiningin er ekki punktmat á greiðsluflæði heldur eru áætlaðar líkur á öllum hugsanlegum útkomum. Ýmsum aðferðum er beitt við að áætla dreifingu á tekjum. Ein aðferðin er að gefa sér tekjur í mismunandi árferði og reikna tekjudreifingu miðað við líkur á árferði.

Auk líkindadreifingar fyrir innsteymi fjármagns eru notaðar ýmsar aðferðir við áhættugreiningu, til dæmis jafnvægispunktur (break even point) og næmnigreining. Jafnvægispunktur (break even point) merkir þær tekjur eða seldar einingar sem þarf til að fjárfesting standi undir kostnaði. Út frá jafnvægispunkti má sjá hversu viðkvæm fjárfestingarákvörðun er fyrir breytingu á tekjum. Næmnigreining er gerð til að athuga næmni fjárfestingar fyrir breytingum á undirliggjandi þáttum s.s. verði á aðföngum, verði á afurðum og fleira. Greiningin er gerð með því að breyta inni stærð en halda öðrum föstum og finna áhrif á arðsemi fjárfestingarinnar.

Nærtækt dæmi um mat á arðsemi opinberra framkvæmda er arðsemilíkan Vegagerðarinnar. Byrjað var að kanna arðsemi framkvæmda og bera saman arðsemi mismunandi framkvæmdakosta hjá Vegagerðinni um 1970. Við þessa útreikninga var stuðst við handbók sem Alþjóðabankinn gaf út 1966 og heitir „Quantification of Road User Savings“. 1. Mynd sýnir uppbyggingu arðsemilíkansins.

vísbendingar um arðsemi í þeim tilgangi að bera saman verkefni en ekki til að mæla „raunverulega“ (absolute) arðsemi. Þannig munu útreikningarnir ekki segja neitt um það hvort framkvæmdir séu arðsamar eða ekki en þeir munu geta gefið vísbendingu um mikilvægi verkefna fyrir viðkomandi byggðarlag og landið í heild.

uppfylla staðalkröfur. Líkanið var prófað með mismunandi vogtölum og á forgangsröðun fyrir einstök fylki og milli fylkja. Áður en líkanið var prófað lá fyrir forgangsröðun hafna samkvæmt huglægu mati og gaf líkanið töluvert breytta röðun. Meðal annars færðust hafnir með lágan kostnað ofar í röðina.

Við mat á gagnsemi líkansins segir að það sé erfitt að fá nægjanlega góð inntaksgögn. Samt er dregin sú ályktun að líkanið sé engu að síður gott verkfæri við forgangsröðun hafnarframkvæmda.

2.2 Vinna Siglingastofnunar á árunum 1994-1997

Líkt og í norska líkaninu voru íslenskar fiskihafnir flokkaðar eftir stærð og staðalkröfur mótaðar fyrir hvern stærðarflokk. Jafnframt því var gerð þarfagreining á 55 höfnum þar sem metnar voru þær úrbætur sem þörf var talin á í hverri höfn. Þessari vinnu er lýst í Hafnalýsingu sem kom út í september 1996. Þegar búið var að flokka hafnir, skilgreina staðalkröfur og gera þarfagreiningu var unnið að forgangsröðun hafnarframkvæmda. Þessi vinna er frábrugðið norska líkaninu að því leyti að hver framkvæmd sem er á tillögulistanum fær einkunn og því hærri sem einkunnin er því framar ætti framkvæmdin að vera í forgangsröðinni. Einkunnirnar eru reiknaðar út í Excel-skjali (töflureikni) út frá ýmsum tölulegum staðreyndum og metnum stærðum.

Á 2. mynd er reiknilíkaninu 1997 lýst á myndrænan hátt. Þar sést að heildareinkunnin byggir á tveimur einkunum, annars vegar einkunn sem metur umsvif viðkomandi hafnar og hins vegar einkunn sem metur hafnarbætur. Á myndinni sést einnig hvaða þættir koma inn í hvora einkunn.

2. Eldri vinna

Á árinum 1994-1997 unnu starfsmenn Siglingastofnunar Íslands að því að því að leggja tölulegt mat á hafnarframkvæmdir í þeim tilgangi að auðvelda forgangsröðun og auka samræmi í forgangsröðun. Í þessum kafla er gerð grein fyrir þessari vinnu og norskri fyrirmynnd hennar.

2.1 Norsk fyrirmynnd

Fyrirmynndin að flokkun hafna, staðalkröfum og hafnarþarfagreiningu er sótt til Noregs en staðfærð fyrir íslenskar aðstæður. Hugmynd að einkunnakerfi fyrir forgangsröðun hafnarframkvæmda er einnig sótt til Noregs⁵. Síðari hluta níunda áratugarins var mikil þörf á endurbótum og uppbyggingu hafna í Noregi og ástæða til að taka upp markvissari vinnubrögð við að skipuleggja þá uppbyggingu m.a. að forgangsraða verkefnum. Gefnar eru þrjár ástæðurnar fyrir þróun forgangsröðunar líkans í Noregi: (i) að auka samþættingu á fjárfestingum ríkis og áætlunum fylkja, (ii) að auðvelda mat á því hvernig fjármagn skiptist milli fylkja og innan fylkja, (iii) að taka meira tillit til atvinnulífsins.

Í norska forgangsröðunarlíkaninu eru skilgreindir þrír meginmælikvarðar: kostnaðarviðmið, atvinnusjónarmið og byggðasjónarmið.

- (i) Kostnaðarviðmið (Utbyggingsökonomiske kriterier):
 - Fjöldi ársverka í fiskveiðum / kostnaður við að höfn uppfylli staðalkröfur
 - Landaður afli (magn) / kostnaður við að höfn uppfylli staðalkröfur
- (ii) Atvinnusjónarmið (Næringsmessige kriterier):
 - Fjöldi ársverka í fiskveiðum og -vinnslu á staðnum
 - Landaður afli (magn)
 - Dýpi í höfn
- (iii) Byggðasjónarmið (Distriktsmessige kriterier):
 - Hlutfall sjómanna af íbúum staðar
 - Einangrun: staður fær töluna 1 ef engar landsamgöngur eru, annars 0

Þessir mælikvarðar eru notaðir til að meta framkvæmdir í höfnum frekar en hafnarframkvæmdir, þ.e.a.s. að það er frekar verið að forgangsraða höfnum en framkvæmdum og getur verið um fleiri en eina framkvæmd að ræða í höfn til að

⁵ Norsk fiskerihavneplan (NFHP). Norges Offentlige Utredninger, NOU 1990:29. Oslo 1990.

1. TAFLA. Kennitölur fyrir kostnaðarviðmið

Númer	Kennitala	Vægi
1.1.1	Fjöldi ársverka í fiskveiðum / framkvæmdakostnaður	10%
1.1.2	Aflaverðmæti / framkvæmdakostnaður	15%
1.1.3	Aflamagn / framkvæmdakostnaður	10%

Meginþátturinn *atvinnusjónarmið* mælir með þremur kennitolum hve mikil umsvif hafnarinnar eru (án tillits til kostnaðar). Þannig verður kennitalan hærri ef umsvifin eru meiri. Kennitölurnar eru taldar upp í 2. töflu og það vægi sem þær fengu.

2. TAFLA. Kennitölur fyrir atvinnusjónarmið

Númer	Kennitala	Vægi
1.2.1	Fjöldi ársverka í fiskveiðum og fiskvinnslu	15%
1.2.2	Aflamagn	15%
1.2.3	Fiskikaup fiskvinnslu	15%


Með meginþættinum *byggðasjónarmið* var reynt að taka tillit til þess að það er pólitískur vilji fyrir því að byggð haldist sem víðast um landið og að fiskveiðar eru kjölfestan í atvinnulífi margra byggða. Tvær kennitölur voru notaðar. Sú fyrri mælir einfaldlega hve stórt hlutfall ársverka á staðnum er við fiskveiðar. Seinni kennitalan er hins vegar huglægt mat á einangrun staðarins. Því einangraðri sem staðurinn er (ekki stuttur greiðfær vegur til næstu hafnar) því hærra gildi tók kennitalan.

3. TAFLA. Kennitölur fyrir byggðasjónarmið

Númer	Kennitala	Vægi
1.3.1	Fjöldi ársverka í fiskveiðum / ársverk alls á staðnum	10%
1.3.2	Samgöngur (einangrun)	10%

Einkunn fundin

Skoðum nú hvernig einkunn var fundin út frá kennitölu. Við eikunnagjöf fyrir hverja kennitölu var notuð aðferð sem nefnist „Method of project ranking“ (Alþjóðabankinn, 1966). Þeirri aðferð er lýst með eftirfarandi jöfnu þar sem i er númer hafnarframkvæmdar:



2. MYND. *Forgangsröðunarlíkan sem notað var 1997*

Þótt á myndinni sé talað um heildareinkunn fyrir umsvif og hafnarbætur þá komst verkið ekki svo langt að meginþættirnir væru dregnir saman í heildareinkunn.

2.2.1 *Einkunn fyrir umsvif*

Heildareinkunn fyrir umsvif var fengin með því að vega saman átta þætti þannig að hver vegur 10-15%. Þessa þætti má greina í þrjá meginþætti. Þrír fyrstu lúta að *kostnaðarviðmiðun* og fengu þeir samtals 35% vægi. Næstu þrír lýsa *atvinnusjónarmiðum* og vógu samanlagt 45%. Tveir síðustu túlka *byggðasjónarmið* og vógu 20%.

Fyrir hvern þátt var reiknuð kennitala. Síðan var reiknuð einkunn út frá þessari kennitölu. Við greinum nú fyrst frá þessum kennitolum og síðan verður útskýrt hvernig einkunnirnar voru reiknaðar.

Kennitölur

Meginþátturinn *kostnaðarviðmiðun* mælir með þremur kennitolum hve mikil umsvif hafnarinnar eru miðað við kostnað framkvæmdarinnar. Þannig eru kennitölurnar hærri ef umsvifin eru meiri eða ef framkvæmdin er ódýrari. Kennitölurnar eru talðar upp í 1. töflu ásamt því vægi sem hver þeirra fékk.

$$Einkunn_i = \frac{Kennitala_i}{\sum_i Kennitala_i} \cdot 1000$$

Fyrir neðan strik er summa kennitölunnar fyrir allar framkvæmdir sem til skoðunar eru. Fyrir kennitölu 1.2.2 er summan heildaraflamagn í öllum höfnum sem til skoðunar eru. Einkunn aflamagns (1.2.2) í þessari höfn er hlutfall afla viðkomandi hafnar af heildarafla. Þetta hlutfall er reyndar margfaldað með 1000 til að fá þægilegar tölur.

Pað má líta svo á að í potti séu 1000 stig sem sé skipt á milli hafnanna í samræmi við umsvif hafnanna, mælt með þeirri kennitölu sem verið er að skoða.

Fyrir kennitölurnar 1.1.1-1.1.3 var skilgreint hámark sem gaf hæstu einkunn. Hámarkið var skilgreint sem 4% af summu kennitölunnar. Þær kennitölur sem fóru upp fyrir hámarkið voru færðar niður að hámarki áður en deilt var með summu kennitölunnar. Þetta var gert til að draga úr því að litlar ódýrar framkvæmdir í höfnum með mikil umsvif fengju langt um fleiri stig en aðrar framkvæmdir sem voru til skoðunar. Í vinnunni 1997 voru valdar 115 framkvæmdir og þeim gefin einkunn fyrir umsvif. Í 4. töflu eru sýnd hæstu gildi sem kennitölurnar fengu. Athygli vekur að samgöngur fengu hæstu einkunn. Ástæðan fyrir því er sú að það voru mjög fáar hafnir sem fengu einkunn fyrir samgöngur eða einangrun og þess vegna skiptust heildarstigin á fáar hafnir.

4. TAFLA. Hæstu einkunnir fyrir umsvif

Númer	Kennitala	Hæsta einkunn
1.1.1	Fjöldi ársverka í fiskveiðum / framkvæmdakostnaður	46,02
1.1.2	Aflaverðmæti / framkvæmdakostnaður	42,55
1.1.3	Aflamagn / framkvæmdakostnaður	52,45
1.2.1	Fjöldi ársverka í fiskveiðum og fiskvinnslu	39,95
1.2.2	Aflamagn	42,46
1.2.3	Fiskikaup fiskvinnslu	31,08
1.3.1	Fjöldi ársverka í fiskveiðum / ársverk alls á staðnum	18,49
1.3.2	Samgöngur (einangrun)	147,06

Heildareinkunn fyrir umsvif hafna

Fyrir hverja framkvæmd var heildareinkunn fyrir umsvif fundin með því að margfalda einkunnir fyrir hvern þátt með vogtölu og leggja niðurstöðurnar saman:

$$Heildareinkunn fyrir umsvif = \sum_{j=1}^8 Einkunn_j \cdot vægi_j$$

Uppspretta upplýsinga

Upplýsingar voru fengnar hjá eftirtöldum aðilum:

5. TAFLA. *Upplýsingaveitendur fyrir umsvif*

Upplýsingar	Upplýsingaveitandi
Fjöldi ársverka í fiskveiðum	Byggðastofnun
Fjöldi ársverka í fiskvinnslu	Byggðastofnun
Fjöldi ársverka samtals	Byggðastofnun
Aflaverðmæti	Fiskistofa / Fiskifélag Íslands
Aflamagn	Fiskistofa
Fiskikaup fiskvinnslu	Fiskifélag Íslands

2.2.2 *Einkunn fyrir hafnarbætur*

Í vinnunni haustið 1997 voru nefndar fimm kennitölur fyrir hafnarbætur en aðeins tvær þeirra voru skilgreindar og notaðar. Kennitölurnar fimm voru:

6. TAFLA. *Kennitölur fyrir hafnarbætur*

Númer	Kennitala	
2.1	Dýpi í innsiglingu	Ekki skilgreind
2.2	Viðlegurými	
2.3	Löndunarrými	
2.4	Snúningsrými	Ekki skilgreind
2.5	Landrými	Ekki skilgreind

Haustið 1997 var skilgreining á einkunn fyrir hafnarbætur það skammt á veg komin að ekki er tilefni til að fjalla frekar um þá einkunn hér.

3. Reiknilíkan við forgangsröðun 1998

Í þessum kafla eru útskýrð sú aðferð við forgangsröðun hafnarframkvæmda sem Hagfræðistofnun og Siglingastofnun þróuðu í sameiningu sumarið 1998. Í 5. kafla er gerð grein fyrir niðurröðun þegar líkaninu var beitt á tillögur að hafnarframkvæmdum fyrir hafnaáætlun fyrir tímabilið 1999-2002. Líkt og áður er tvennis konar mat lagt á hafnarframkvæmdir. Annars vegar er gefin einkunn fyrir umsvif og hins vegar fyrir hafnarbætur.

3.1 Einkunn fyrir umsvif

Fyrirmynnd að einkunn fyrir umsvif er að mestu leytí sótt til Noregs en norska hugmyndin hefur svo verið staðfærð fyrir íslenskar aðstæður.

Heildareinkunn fyrir umsvif var fengin með því að vega saman átta kennitölur þannig að hver vegur 10-17%. Þessar kennitölur má greina í þrjá meginþætti. Þrír fyrstu lúta að *kostnaðarviðmiðun* og fengu þeir samtals 50% vægi. Næstu þrír lýsa *atvinnusjónarmiðum* og vógu samanlagt 25%. Tveir síðustu túnka *byggðasjónarmið* og vógu 25%.

Fyrir hvern þátt var reiknuð kennitala. Síðan var reiknuð einkunn út frá þessari kennitölu sem var á bilinu 0 til 10. Við greinum nú fyrst frá þessum kennitolum og síðan verður útskýrt hvernig einkunnirnar voru reiknaðar.

7. TAFLA. *Umsvifapættir*

Númer	Meginþáttur Kennitala	Vægi
1.1	Kostnaðarviðmið	50%
1.1.1	Fjöldi ársverka í fiskveiðum / framkvæmdakostnaður	16,67%
1.1.2	Aflaverðmæti / framkvæmdakostnaður	16,67%
1.1.3	Aflamagn / framkvæmdakostnaður	16,67%
1.2	Atvinnusjónarmið	25%
1.2.1	Fjöldi ársverka í fiskveiðum og fiskvinnslu	5%
1.2.2	Aflamagn	10%
1.2.3	Fiskikaup fiskvinnslu	10%
1.3	Byggðasjónarmið	25%
1.3.1	Fjöldi ársverka í fiskveiðum / ársverk alls á staðnum	12,5%
1.3.2	Samgöngur (einangrun)	12,5%

dýpi (dýpi í innsiglingu, dýpi snúningssvæðis og dýpi við kanta), kyrrð og gæði viðlegu, landrými, nýting viðlegurýmis, nýting löndunarrýmis, aðstaða fyrir farmskip, ýmis tæki og búnaður. Ekki var lagt tölulegt mat á þörf fyrir landrými og er sá þáttur því ekki tekinn með í hafnarbótaútreikninga. Sama gildir um aðstöðu fyrir farmskip. Innsigling er metin út frá dýpi en það getur varðað bæði dýpkun og breikkun (Hafnarbótaþáttur 2.1). Kyrrð og gæði viðlegu og viðlegurými er tekið saman í einn þátt, viðlegurými. Kyrrð og gæði viðlegu er fullnægjandi ef þörf fyrir viðlegurými er uppfyllt (Hafnarbótaþáttur 2.2). Löndunarrými reiknast sérstaklega (Hafnarbótaþáttur 2.3). Sæflötur, snúningssvæði og dýpi í höfn eru tekin saman í einn þátt, þ.e. of lítið snúningssvæði leiðir af sér að stækka þarf sæflót og öfugt. Með dýpkun fást úrbætur á hvorutveggja (Hafnarbótaþáttur 2.4). Ýmis tæki og búnaður eru metin samkvæmt töflu 11 (Hafnarbótaþáttur 2.5). Ástand mannvirkja er metið út frá endurbyggingarpörf (Hafnarbótaþáttur 2.6). Allir þættir hafnarbóta nema þáttur 2.5 byggja á þremur kennitölum. Stefnt er að því að koma hafnarbótaþætti 2.5 í sama form með því að byggja hann á þremur kennitölum. Tafla 9 gefur yfirlit yfir hafnarbótaþætti.

10. TAFLA. *Hafnarbótaþættir*

Númer	Hafnarbótaþáttur Kennitala	Vægi
2.1	Dýpi í innsiglingu	25%
2.1.1	Frávik frá staðalkröfum	8,33%
2.1.2	Frávik sem framkvæmd lagar	8,33%
2.1.3	Frávik sem framkvæmd lagar/frkv. kostnaður	8,33%
2.2	Viðlegurými	15%
2.2.1	Frávik frá staðalkröfum	5%
2.2.2	Frávik sem framkvæmd lagar	5%
2.2.3	Frávik sem framkvæmd lagar/frkv. kostnaður	5%
2.3	Löndunarrými	25%
2.3.1	Frávik frá staðalkröfum	8,33%
2.3.2	Frávik sem framkvæmd lagar	8,33%
2.3.3	Frávik sem framkvæmd lagar/frkv. kostnaður	8,33%
2.4	Snúningssvæði	10%
2.4.1	Frávik frá staðalkröfum	3,33%
2.4.2	Frávik sem framkvæmd lagar	3,33%
2.4.3	Frávik sem framkvæmd lagar/frkv. kostnaður	3,33%
2.5	Frágangur við mannvirki og uppsetning staðalbúnaðar	10%
2.6	Varðveisla kanta	15%
2.6.1	Lengdarmetrar sem þarf að endurbyggja	5%
2.6.2	Hlutfall lengdarmetra sem endurheimtast við framkv.	5%
2.6.3	Hlutfall lengdarmetra sem endurheimtast við framkv./frkv. kostnaður	5%

3.1.4 Einkunn

Skoðum nú hvernig einkunn var fundin út frá kennitölu. Ein leið er að lýsa því með jöfnu þar sem i er númer hafnarframkvæmdar:

$$Einkunn_i = Kennitala_i \cdot \frac{10}{Hámark(Kennitala_i)}$$

Sú framkvæmd sem er með hæstu kennitöluna fær 10 í einkunn og aðrar framkvæmdir fá einkunn á bilinu 0 til 10 í hlutfalli við hæstu kennitöluna. Í kafla 2 voru einkunnir gefnar samkvæmt aðferð sem nefnist „Method of project ranking“ en þar var kennitolum deilt sem summu allra kennitalna. Skölunin frá 0 til 10 gerir það að verkum að óþarfí er að deila með summunni.

Fyrir hverja framkvæmd var heildareinkunn fyrir umsvif fundin með því að margfalda einkunnir fyrir hvern þátt með vogtölu og leggja niðurstöðurnar saman:

$$Heildareinkunn fyrir umsvif = \sum_{j=1}^8 Einkunn_j \cdot vægi_j$$

Uppsprettu upplýsinga

Upplýsingar voru fengnar hjá eftirtöldum aðilum:

9. TAFLA. Upplýsingaveitendur fyrir umsvif

Upplýsingar	Upplýsingaveitandi
Fjöldi ársverka í fiskveiðum	Byggðastofnun
Fjöldi ársverka í fiskvinnslu	Byggðastofnun
Fjöldi ársverka samtals	Byggðastofnun
Aflaverðmæti	Fiskistofa / Fiskifélag Íslands
Aflamagn	Fiskistofa
Fiskikaup fiskvinnslu	Fiskifélag Íslands

3.2 Einkunn fyrir hafnarbætur

Einkunn fyrir hafnarbætur er metin út frá níu þáttum tækni- og notendakrafna. Val á þáttum réðist fyrst og fremst af tölulegum stærðum sem skilgreindar voru í Hafnalýsingu. Í þarfagreiningunni sem lýst er í Hafnalýsingu voru tíu atriði sem snerta gæði og aðstöðu hafna borin saman við staðalkröfur fyrir viðkomandi stærðarflokk. Þessi atriði eru: innsigling (breidd rennu), sæflötur, snúningssvæði,

dýpi (dýpi í innsiglingu, dýpi snúningssvæðis og dýpi við kanta), kyrrð og gæði viðlegu, landrými, nýting viðlegurýmis, nýting löndunarrýmis, aðstaða fyrir farmskip, ýmis tæki og búnaður. Ekki var lagt tölulegt mat á þörf fyrir landrými og er sá þáttur því ekki tekinn með í hafnarbótaútreikninga. Sama gildir um aðstöðu fyrir farmskip. Innsigling er metin út frá dýpi en það getur varðað bæði dýpkun og breikkun (Hafnarbótaþáttur 2.1). Kyrrð og gæði viðlegu og viðlegurými er tekið saman í einn þátt, viðlegurými. Kyrrð og gæði viðlegu er fullnægjandi ef þörf fyrir viðlegurými er uppfyllt (Hafnarbótaþáttur 2.2). Löndunarrými reiknast sérstaklega (Hafnarbótaþáttur 2.3). Sæflötur, snúningssvæði og dýpi í höfn eru tekin saman í einn þátt, þ.e. of lítið snúningssvæði leiðir af sér að stækka þarf sæflót og öfugt. Með dýpkun fást úrbætur á hvorutveggja (Hafnarbótaþáttur 2.4). Ýmis tæki og búnaður eru metin samkvæmt töflu 11 (Hafnarbótaþáttur 2.5). Ástand mannvirkja er metið út frá endurbyggingarþörf (Hafnarbótaþáttur 2.6). Allir þættir hafnarbóta nema þáttur 2.5 byggja á þremur kennitölum. Stefnt er að því að koma hafnarbótaþætti 2.5 í sama form með því að byggja hann á þremur kennitölum. Tafla 9 gefur yfirlit yfir hafnarbótaþætti.

10. TAFLA. *Hafnarbótaþættir*

Númer	Hafnarbótaþáttur Kennitala	Vægi
2.1	Dýpi í innsiglingu	25%
2.1.1	Frávik frá staðalkröfum	8,33%
